

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um þriðju breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. mars 2009,

um ráðstöfun skuldbindinga

Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf., kt. 701086-1399, til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, o.fl.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 19. mars 2009 og 3. apríl 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirfærslu innlána og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins í þessu máli er sérstaklega vikið að því að peningamarkaðsinnlán frá fjármálafyrirtækjum skuli ekki flutt yfir til Íslandsbanka hf. Er það í samræmi við aðrar ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið um flutning innlánsskuldbindinga á grundvelli laga nr. 125/2008. Ákvörðun eftirlitsins er varðar Straum er hins vegar orðuð þannig að þetta eigi við um fjármálafyrirtæki, sem *eigi aðild að Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta*. Sambærilegt orðalag var ekki í fyrri ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um sama efni. Til að taka af allan vafa um að staða aðila sé hin sama er talið rétt að færa ákvörðun í málefnum Straums til samræmis við fyrri ákvarðanir. Fjármálaeftirlitið telur því að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun að því leyti sem hún snýr að skuldbindingum Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. vegna innlána. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 2. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars 2009, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 19. mars 2009 og 3. apríl 2009.


ÁKVÖRÐUN:

Þá yfirtekur Íslandsbanki hf. heldur ekki peningamarkaðsinnlán frá fjármálafyrirtækjum sem kunna að eiga innlán hjá Straumi – Burðarás fjárfestingabanka hf.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

11. nóvember 2009



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri